

Landsnet hf.  
 Gyflaflöt 9  
 112 REYKJAVÍK

 Reykjavík, 18.6.2019  
 Tilvísun: OS2019060019/10.5  
 Verknúmer: 412-3100

**Efni: Uppgjör tekjumarka Landsnets fyrir árið 2018**

Orkustofnun setti Landsneti tekjumörk fyrir árin 2016 – 2020 með bréfi dags. 9. maí 2016. Ákvörðun um leyfða arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna fyrir árið 2018 lá fyrir með bréf dags. 21. apríl 2017.

Orkustofnun hefur nú lokið uppgjöri tekjumarka Landsnets fyrir árið 2018, á grundvelli 6. mgr. 12. gr. raforkulaga og eru uppperð tekjumörk ásamt tekjum sem hér segir:

<b>Tekjur:</b>	<b>Alm. notendur í þús. kr.</b>	<b>Stórnotendur í þús. kr.</b>	<b>Samtals í þús. kr.</b>
Flutningstekjur	5.444.774	8.056.891	13.501.665
Þjónustutekjur	31.893	35.334	67.228
Aðrar tekjur	67.676	88.105	155.781
<b>Samtals tekjur</b>	<b>5.544.344</b>	<b>8.180.330</b>	<b>13.724.674</b>

<b>Gjöld:</b>	<b>Alm. notendur í þús. kr.</b>	<b>Stórnotendur í þús. kr.</b>	<b>Samtals í þús. kr.</b>
Rekstrarkostnaður	1.450.709	1.888.636	3.339.345
Viðbótarrekstrarkostnaður	120.430	156.785	277.215
Afskrifir	1.819.089	2.593.210	4.412.299
Arður	2.090.489	4.225.415	6.315.905
<b>Samtals gjöld</b>	<b>5.480.718</b>	<b>8.864.046</b>	<b>14.344.764</b>

	<b>Alm. notendur í þús. kr.</b>	<b>Stórnotendur í þús. kr.</b>
Mismunur [Tekjur - Gjöld]	63.626	-683.716
Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur (með skuld frá 2010 - stórnótendur)	-352.926	1.266.689
Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur (%)	-6,4%	14,3%
Greitt upp í skuld		748.466
Skuld við stórnótendur (skal greidd til baka að fullu fyrir lok árs 2020)		380.285
Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur færðar á milli ára	<b>-352.926</b>	<b>886.405</b>
Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur (%)	<b>-6,4%</b>	<b>10,0%</b>

Tekjuheimildir Landsnets á árinu 2018 eru ofteknar kr. 63.626 þús.kr. fyrir almenna notendur og vanteknar, kr. -683.716 þús.kr. fyrir stórnótendur. Uppsafnaðar tekjuheimildir Landsnets í árslok 2018

eru vanteknar, kr. -352.962 þús.kr. fyrir almenna notendur eða -6,4% og ofteknar kr. 1.266.689 þús.kr., eða 14,3% fyrir stórnotendur. Fyrir almenna notendur er Landsneti heimilt að flytja þessar 352.962 þús.kr. vanteknu tekjur yfir á uppgjörsárið 2019 sbr. 7.mgr. 12. gr. raforkulaga.

Sé tekið tillit til skuldar við stórnotendur sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum, eru uppsafnaðar ofteknar tekjur Landsnets nú 10,0% af tekjumörkum fyrir stórnotendur árið 2018 sbr. 7. mgr. 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Staða skuldar hefur lækkað um 748.466 þús.kr. frá uppgjöri tekjumarka ársins 2017.

Þessi ákvörðun er tekin með fyrirvara um endurskoðun á bókhaldsupplýsingum Landsnets og hugsanlegum athugasemdum sem kunna að koma þar fram.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 og varða gjaldskrármál eða starfssemi sérleyfisfyrirtækja eru kærarlegar til úrskurðanefndar raforkumála. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Virðingarfyllst,  
f.h. orkumálastjóra

  
Silja Rán Sigurðardóttir

Verkefnastjóri hagfræði raforkumála